

ÖRNEFNASTOFNUN

Norður-Ísafjarðarsýsla
Eyrarhreppur

Árnar í Tungu 1
Samlesið J.H.

Árnar í Tungu og silungsveiði

Bjarni Halldórsson, Tungu, skráði.

Ámar, sem tilheyra Tungu í Skutulsfirði, eru öll **Tunguá** (1) og hálf **Úlfsá** (2) á móti Hafrafelli. Þær hafa aldrei verið taldar til hlunninda sem veiðiár, enda ekki það mikil fiskigengd í þær, að teljandi þætti sem slík. Þó hefur verið einhver veiði í Tunguá á hverju sumri þar til 1986, að ekki varð vart við líf í henni utan tvær bröndur, svona um 200 g hvor. 1985 veiddust tveir silungar og einn lax, 2,3 kg að þyngd, en það var mjög sjaldan, að vart væri við lax í Tunguá, og aldrei í Úlfsá, svo ég hafi heyrt, en í hana hefur ekki komið silungur svo teljandi sé í áratugi. Það var síðast umtalsverð veiði í Tunguá 1965. Þá veiddust rúm 300 stykki af smásilungi, 200 - 350 g að þyngd.

Á tímabilinu 1917 - 1936 var árleg veiði frá 100 til 350 silungar, mest bleikja, en nokkuð af urriða, þó skal árið 1925 undantekið, þá veiddust aðeins 9 bleikjur í Tunguá, en þær voru óvenjuvænar, 1 - 1,5 kg. Vanaleg meðalstærð 500 g, en þyngsti silungur, sem ég veit að veiðzt hefur í Tunguá, var 4,5 kg.

Frá 1936 hefur veiði farið minnkandi og virðist nú búin að vera. Ástæðuna fyrir þessu tel ég vera þá, að þegar ræktun hófst í dalnum, var fyrst farið í að þurrka landið og þar með eyðilagðar uppeldistöðvar seiðanna, sem verið höfðu mjög góðar í síkjum og lækjum, sumstaðar undir jörð, varin fyrir klaka og frosti. Svo var án líka lagfærð með þeim afleiðingum, að flestir hyljir hurfu með öllu, einnig kunna að hafa einhver áhrif stangveiðar við árósa.

Það [var] laust eftir miðjan ágústmánuð 1922, að við Nonni bróðir fengum leyfi hjá pabba til að fara í Úlfsá með silunganet til ádráttar. Það var þriggja faðma langt og einn faðmur að dýpt með léttri keðju á neðri jaðri og þéttsettum smákorkum (í hdr. körkum) á efri jaðri. Þá voru það svokölluð landtog, eins og allir jaðrar netsins voru þau

úr lóðalínu þannig búin til, að tekinn var fjögurra faðma spotti og hann festur á endunum, öðrum í efri, hinum í neðri jaðar netsins, og eins var gert við hinn enda netsins. Með þessum útbúnaði var hægt að hafa gott vald á netinu og poka silunginn, ef þurfa þótti, og það var oft, sérstaklega þegar silungurinn var vænn og gekk ekki í netið til að festa sig.

Var þá um að gera að ádráttarmennir væru nógu samtaka og fljótir að taka í neðri jaðarinn, svo fast, að hann legðist að þeim efri, og netinu kippt upp úr vatninu, og var þá fiskurinn í poka netsins og síðan dreginn yfir á þann bakka árinnar, sem hentugri þótti.

Þegar mikið var af silungi og aðstæður leyfðu, var netið dregið niður hylinn, og á brotinu fyrir neðan hann óð annar maðurinn yfir ána og dró netið á þurrt með allan fiskinn í pokanum.

Þá var ein aðferð til, sem við notuðum við veiðina á laugardagskvöldum, þegar maður átti að hafa fataskipti. Hún var sú, að í staðinn fyrir að taka upp netið, óð maður út í ána eftir silungnum, og var þá stundum nokkuð djúpt á manni, sérstaklega ef mikið var um hann. Það var ekki einstakt, að ekki var hægt að finna þurran blett á veiðimönnum að lokinni veiðiferð. Þetta fannst okkur skemmtilegasta aðferðin, en ekki var hún vinsæl hjá öllum, ef maður notaði hana í hverti veiðiferð. Það kom þó fyrir, að maður blotnaði, þó ekki væri laugardagur.

Þegar þetta gerðist, var matmálstími í Tungu sem hér segir: Kaffi kl. 7, þegar farið var á fætur; kl. 9 morgunverður, og skyldu þá vera búnar morgunmjaltir; kl. 12 hádegiskaffi; kl. 3 miðdegismatur; kl. 6 miðaftanskaffi og kl. 9 kvöldmatur og útivinnu hætt.

Það var strax og við vorum búningar að borða miðdegismatinn, að við bræðurnir lögðum á stað í veiðitúrinni í Úlfssá, og byrjaði hann neðan við neðsta fossinn, skammt fyrir framan **Nónmýrabrekku** (3), framar ekki veiðivon. Nonni stökk á steinum yfir ána, netið gert klárt og því kastað upp í fossinn, fengum við þar fimm silunga. Svo vorum við að tína einn og einn ofan að **Úlfssáarhyl** (4), en það var eini hylurinn í ánni, voru þeir þá orðnir 11 alls. Þar fengum við fimm og two fyrir neðan hann að sjónum. Pess vil ég geta, að Úlfssáarhylur var beint fyrir neðan Úlfssáarbæinn. Við veiddum því 18

silunga í þessum Úlfsáartúr, og var það næstbezta veiði í Úlfsá, sem ég veit til, en það var síðar, þá fengum við 26.

Þegar við komum heim, var klukkan tæplega hálf sex. Við áttum frí til miðaftans og fórum því strax fram á Eyrar (5) með netið til að draga á í svokölluðum **Skurðshyljum** (6). Ef veiðivon væri í Tunguá, þá var það þar. Við byrjuðum í efri hylnum og fengum í fyrsta drætti 14 silunga og fjóra í öðrum drætti. Síðan héldum við niður ána í neðri hylinn. Þar veiddum við 8 silunga. Þá var klukkan sex, og við flýttum okkur heim í miðaftanskaffið.

Ég átti að smala kvíaránum, en fengin var beit fyrir þær í Hafrafellslandi. Þar var talin betri beit og miklu betra að smala. Ég fór í þetta sinn ríðandi á Skol og með hundinn Vask fram þjóðveginn á **Dagverðardal** (7) fram á **Austmannaföll** (8) og var þá búinn að sjá allar ærnar, 42 að tölu, Hafrafellsmegin, en stundum fóru þær yfir ána og yfir á **Hnífafjall** (9), og þá gat verið snúningasamt að finna þær og koma þeim heim. Ég sendi nú Vask yfir ána, og eins og hann var vanur, hélt hann ánum saman á fjárgötunni og rak þær heim á venjulegum gönguhraða og skildi geldfé eftir. Brást aldrei þekking hans. Ég þurfti því ekki annað í þetta sinn en ríða heim veginn á Skola (svo).

Þegar búið var að mjólka ærnar, rak ég þær upp á Seljahjalla og var kominn heim til að borða kl. níu. Þá höfðu þeir pabbi og Kristinn ákveðið að fara í veiðiferð í Tunguá, og auðvitað við bræðurnir líka til aðstoðar, og þar sem nú var laugardagskvöld, áttum við von á skemmtilegum dagslokum.

Var nú lagt af stað með veiðarfærin, sem voru fyrnlefnt net og heyhrífa, en hún var höfð til að fæla silunginn undan bökkunum og í netið, og poki undir veiðina. Haldið var strikinu fram í **Gljúfur** (10), upp fyrir neðsta fossinn. Þar skiptum við liði, Kristinn og Nonni fóru yfir ána, en ég og pabbi vorum Tungumegin. Ekki var vitað til, að silungur hefði farið framar í ána en þetta. Var hafinn ádrátturinn og netinu kastað upp í fossinn og það látið berast með árstraumnum niður hylinn og ofan á brotið. Voru þá þrí silungar í netinu, og náðum við Nonni þeim með því að vaða út í ána, og þar með var veiðin hafin.

Í hylnum fyrir neðan neðsta fossinn fengum við tvo silunga og í **Selpartshyl** (11) tvo, í **Mjóuseil** (12), **Skógar** (13) megin við við hólmann niður af **Skógarhúsinu** (14), tvo. Þá var það **Bunárhylurinn** (15), á móts við það, að **Bunáin** (16) kemur í Tunguá. Hann var á annan meter á dýpt og mikill holbakki Tungumegin. Kom nú hrífan að góðu gagni við að fæla silungana undan bakknum. Þar fengum við sex, og einn þeirra var tær tvö kg að þyngd.

Í **Kornustaðarhylnum** (17), sem var, þar sem **Kornuá** (18) kemur í Tunguá, veiddum við fjóra. Þá var **Kúhólseyrarhylur** (19). Þar náðum við í tvo, misstum þann þriðja, sem þar var líka. Í **Fremri-Grafarhyl** (20), sem var niður af **Fremri-Grafarparti** (21), fengum við átta silunga, enda var hann langt á annan meter á dýpt og miklir holbakkar, sem sé einn af beztu hyljum í ánni.

Þá var það **Heimri-Grafarhylur** (22). Í honum náðum við sex silungum. Í **Eyrahyl** (23) fengum við fimm. Hann var fremst við Eyrarnar. Þar var ekki holbakki, en dýpt um 140 sm. Þá fengum við þrjá í **Skurðsendahyl** (24). Hann var í efri enda á skurði, sem grafinn var nokkru eftir aldamótin til að beina ána og þurrka Eyrarnar, en þær voru þá allar með seílum og pyttum.

Í **Efri-Skurðshyl** (25) fengum við tvo, en þar vorum við búinir að veiða, sem fyrr er frá sagt. Hann var bezi hylurinn í ánni, en þar var hún aðeins 180 sm á milli bakka, en 200 sm að dýpt. Hann var, þar sem volga vatnið úr borholunni rennur nú eftir skurði í ána. Í **Neðri-Skurðshyl** (26) fengum við líka tvo. Í **Seilinni** (27) veiddum við fimm; hún var hluti af ánni og var, þar sem Tungubrúin er nú.

Í **Veituhylnum** (28), sem er neðan við milligirðinguna fengum við einn urriða, 1,5 kg. Voru ótrúleg læti í honum, ekki stærri fiski, og ef við hefðum ekki náð honum, hefði ég sagt hann minnsta kosti 5 kg. Þannig er það oft með þá stóru, sem við missum. En þessi silungur losaði okkur bræðurna við síðustu þurru fatablettina og vorum þá búinir að kanna dýpið í hylnum, sem var 1,4 m. Endaði viðureignin á því, að þegar við komum með hann upp úr vatninu, hélt annar um hausinn en hinn í sporðinn, og þannig bárum við hann á þurrt land.

Þá var það stærsti og dýpsti hylurinn í ánni, **Gylltihylur efri** (29), röskir 2 m djúpur á nokkru svæði. Þar fengum við 12. Loks var það neðsti hylur árinnar, **Gylltihylur neðri** (30), sem var helmingi grynnri. Þar veiddum við 10. Var þá lokið langbezta veiðidegi, sem ég veit til í Tunguá.

Stafrófsskrá örnefna.

Austmannaföll 8
Buná 16
Bunárhylur 15
Dagverðardalur 7
Efri-Skurðshylur 25
Eyrähylur 23
Eyrar 5
Fremri-Grafarhylur 20
Fremri-Grafarpartur 21
Gljúfur 10
Grafarhylur, Fremri- 20
Grafarhylur, Heimri- 22
Grafarpartur, Fremri- 21
Gylltihylur efri 29
Gylltihylur neðri 30
Heimri-Grafarhylur 22
Hnífafjall 9
Kornuá 18
Kornustaðarhylur 17
Kúhólseyrarhylur 19
Mjóaseil 12
Neðri-Skurðshylur 26
Nónmýrabrekka 3
Seil(in) 27
Selpartshylur 11
Skógarhús 14
Skógur 13
Skurðsendahylur 24
Skurðshyljur 6
Skurðshylur, Efri- 25
Skurðshylur, Neðri- 26
Tunguá 1
Úlfsá 2
Úlfsáarhylur 4
Veituhylur 28